

## 164. skólanefndarfundur Menntaskólans á Egilsstöðum haldinn í ME miðvikudaginn 12. apríl 2023 kl. 17

Mætt voru skólanefndarmennirnir Skúli Björn Gunnarsson, Sigrún Birna Björnsdóttir, Stefán Bogi Sveinsson, auk Magnúasar Jónssonar sem var á Teams. Þuríður Lillý Sigurðardóttir boðaði forföll.

Auk þessu mættu áheyrnarfulltrúarnir Fjóla Orradóttir f.h. foreldra, Tomas Viðar Úlfarsson f.h. nemenda og Björn Gísli Erlingsson f.h. kennara.

Fundinn sátu einnig Árni Ólason skólameistari og Jóney Jónsdóttir sem ritaði fundargerð.

Dagskrá fundar:

1. Fundargerð 163. fundar undirrituð og staðfest.
2. Gangurinn í starfinu og félagslífi nemenda.
3. Starfsmannamál næsta skólaárs.
4. Fjárhagsáætlun og leiðir til viðsnúnings á taprekstri síðustu tveggja ára.
6. Önnur mál.

Skúli Björn Gunnarsson formaður setti fund kl. 17:00. Gengið var til dagskrár.

### 1. Fundargerð 163. fundar undirrituð og staðfest

Fundargerð 163. fundar var undirrituð og staðfest.

### 2. Gangurinn í starfinu og félagslífi nemenda

Skólameistari sagði frá starfinu frá því í febrúar þegar fundað var síðast. Námið hefur gengið vel. 320 ársnemendur eru núna skráðir á vorönn en ársnemendafjöldi skólans er 310. Gengið hefur verið frá vali eldri dagskólanema fyrir haustönn. Langvarandi veikindi starfsmanna hafa verið talsverð og hafa haft áhrif á reksturinn. Tomas segir frá því að 6 leiksýningar á Mamma míá II hafi verið haldnar í Sláturhúsinu. Einnig var Barkinn haldinn í Valaskjálfa og ball á Iðavöllum. Allt saman gekk þetta ljómandi og heppnaðist vel. Tónlistarfélagið stefnir á rokkónleika í maí.

### 3. Starfsmannamál næsta skólaárs

Skólameistari fór yfir starfsmannahald fyrir haustönn. Fimm starfsmenn eru sem stendur í veikindaleyfi. Það hefur reynt skólanum erfitt rekstrarlega þar sem ráðuneytið kemur ekki til móts við það. Auglýst var eftir listakennara og Heiðís Halla Bjarnadóttir var ráðin. Elín Ása Heiðarsdóttir hefur verið ráðin í starf stærðfræðikennara. Elín Adda Steinarsdóttir fer í fæðingarorlof í sumar. Aldís Anna Þorsteinsdóttir sem var ráðin í 1 ár sem iðjuþjálfari er farin í fæðingarorlof. Auglýst hefur verið eftir þroskaþjálfara/iðjuþjálfara fyrir næsta skólaár í 75% starf og stuðningsfulltrúa í 100% starf. Þrír hafa sótt um þroskaþjálfara/iðjuþjálfara og átta um stuðningsfulltrúastarfið. Viðtöl við umsækjendur verða tekin á næstu dögum. Starfsbrautarnemendum mun halda áfram að fjölga í haust.

### 4. Fjárhagsáætlun og leiðir til viðsnúnings á taprekstri síðustu tveggja ára

Skólameistari sýnir línurit yfir kostnað fyrir kennslu fjarnema. Fjarnámið varð til þess að skólinn hélt ársnemendatölu sinni á þeim árum sem dagskólanemendum fækkaði. Greiðslur fyrir kennslu fjarnema eru miklar þegar þær eru teknar saman. Frá árinu 2019 hefur halli verið á rekstrinum. Þar eru aldursafsláttur kennara, veikindi starfsmanna og yfirvinnugreiðslur fyrir fjarkennslu hæstu tölurnar. Síðasta haust fjölgaði dagskólanemendum. Nýr yfirmaður rekstrardeildar ásamt fjármálamanni framhaldsskóladeildar og lögfræðingi komu í síðustu viku til að ræða fjármálastöðu skólans sem hefur verið neikvæð síðustu misseri. Nú eru á milli 60-70 milljóna kr. uppsafnaður halli á rekstrinum. Gerðar eru kröfur um að gerð verði áætlun

um hvernig skólinn muni bregðast við til að snúa þessu við. Vonir standa til að nýnemar haustsins verði um 70. Fækka þarf fjarnemendum til að haldast innan ársnemendatölu fjárlaga.

Lögð er fram tillaga um hækkun á mótuneytisgjaldi í 1375 kr. fyrir staka máltíð. Máltíðin kostar núna 1250 kr. Tillagan er samþykkt.

Skólameistari fer yfir tillögu að skóladagatali næsta skólaárs. Skólanefndin gerir ekki athugasemd við tillöguna fyrir sitt leyti.

#### 5. Önnur mál


- a) Útskriftarefni vorsins eru 45 talsins. Útskrifað verður í Valaskjálfi 20. maí.
- b) Hópur starfsmanna ME mun fara til Boston í vísindaferð 21.-27. maí.
- c) Næsti fundur er miðvikudaginn 7. júní.

*Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 18.00*


Skúli Björn Gunnarsson



Magnús Jónsson



Sigrún Birna Björnsdóttir



Stefán Bogi Sveinsson

